

Samþykkt

11

22. febr.

fyrir girðingafjelag Miðsíðumanna.

Hreppsnefndin í Hvitársíðuhreppi í Mýrasýslu hefir, samkvæmt lögum 22. nóvember 1913, um girðingar, gjört eftirfarandi samþykkt fyrir girðingafjelag Miðsíðumanna.

1. gr.

Gaddavirsgirðing fimmþætt og að öðru leyti gjörð eftir girðingalögnum, skal vera á merkjum norðanvert við lönd jarðanna Haukagils, Hvamms, Kirkjubóls og Bjarnastaða, frá girðingu Niðursíðumanna austanvert við Sámsstaði að girðingu Framsíðumanna á merkjum Bjarnastaða og Gilsbakka.

2. gr.

Girðing þessi er gjörð til nota fyrir ábúendur á hinum fjórum fyrtöldu jörðum, og bera þeir allir árlegan kostnað af henni. Skiftist kostnaður sá árlega eftir fjenaðarfjölda búenda og annara heimilisfastra manna á girðingarsvæðinu, eftir sömu reglum og fjallskil.

3. gr.

Girðingarfelagar, þ. e. allir ábúendur á girðingarsvæðinu, halda aðalfund í októbermánuði ár hvert. Á þeim fundi kjósa þeir formann fjelagsins fyrir 1 ár í senn, skifta hinum árlega kostnaði eftir áðursögðum reglum og gjöra aðrar þær ályktanir, er girðinguna varða og nauðsynlegar þykja. Formaður innheimtir gjöld þau, er ræðir um í grein þessari, og annast um greiðslur þær er á girðingarfelaginu hvila. Leggur hann fram reikningsskil á aðalfundi til úrskurðar.

4. gr.

Á tímabilinu frá Jónsmessu, 24. júní, til rjetta, mega engin stóðhross eða ótamin hross vera á hinu girta svæði. Nú vanrækir einhver af girðingarfelögum að reka hross sín norður fyrir girðinguna, þau er honum er skylt að reka eftir grein þessari, og mega þá hinir gjöra það á hans kostnað.

5. gr.

Engan fjenað má á neinum tíma árs taka í hagagöngu á hið girta svæði, af mönnum, er heima eiga utan girðingasvæðisins, svo er og óheimilt að hafa annað sauðfje en það, sem ábúendur eiga sjálfir, á hinu girta svæði á tímablinu frá Jónsmessu til rjetta.

11
22. febr.

6. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 2—20 kr., er renni í sveitarsjóð.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. febrúar 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

12
25. febr.

Erindisbrjef

fyrir yfirullarmatsmenn.

1. gr.

Yfirullarmatsmennirnir skulu kynna sjer sem best, hvernig á að verka, þurka og flokka ull, svo að hún verði talin góð vara á erlendum markaði.

Þeir skulu einnig kynna sjer þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir kaupendur eða umboðsmenn þeirra hjer á landi gera til ullarverkunar.

2. gr

Yfirullarmatsmenn hafa yfirumsjón með mati á ull, sem flutt er út, hver í sínu umdæmi. Um flokkun og merking ullarinnar eru settar sjerstakar reglur.

Þeir skulu gera út um öll ágreiningsmál, sem kunna að koma fyrir við ullarmatið.

3. gr.

Yfirullarmatsmenn láta ullarmatsmenn framkvæma skoðun og mat á ullinni og merking ullarinnar. Einnig skulu þeir hafa yfirumsjón með þökkun og útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningsskipunum. Skulu þeir gæta þess, að hverri ullarsendingu fylgi vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum, og samrit af vottorðinu sje ritað á farmskírteinið. Sýslumaður eða hreppstjóri skal votta með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður eða ullarmatsmenn hafi undirritað vottorðið í hans við-